

58
11. sept.

mál, félagsmál og önnur þau mál, er leiða af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu. Gildir þetta um varnarsvæðin og mörk þeirra. Enn fremur fer hann með vegamál og samgöngur á sjó, sem eigi heyra undir aðra ráðherra samkvæmt úrskurði þessum, svo og önnur samgöngumál, er eigi eru í úrskurðinum falin öðrum ráðherrum.

VI. Ráðherra Steingrímur Steinþórsson. Undir hann heyra landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þ. á m. skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélög, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál, Áburðarverksmiðjan h.f., Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur rafmagnsmál, þ. á m. rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Nápurekstur. Kaupfélög og samvinnufélög, Atvinnudeild háskólans. Rannsóknarráð ríkisins. Kirkjumál. Félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir, þar með talið Brunabótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undan teknir. Byggingafélög. Veðurstofan. Mælitækja- og vogaráhaldamál.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál. Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 14. marz 1950, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., og breyting á þeim úrskurði frá 9. október 1951.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 11. september 1953.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

59
17. sept.

FORSETA BRÉF

um að reglulegt Alþingi 1953 skuli koma saman til fundar
fimmtudaginn 1. október 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1953 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 1. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 17. september 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.